

AUGLÝSING

um tillögu að breytingum á deiliskipulagi gamla miðbæjarins í Borgarnesi.

Breytingar felast m.a. í eftirfarandi:

Götuheiti og húsnúmer eru sett inn á uppdrátt, ný lóð nr. 2 við Skúlagötu er afmörkuð fyrir fyrrum mjólkursamlagshús, breytingar á bílastæðum og aðkomuleiðum, á lóðinni Brákarbraut 8 er gert ráð fyrir húsi með 8 íbúðum með heimild fyrir atvinnurekstur á jarðhæð og fækkar þá íbúðum sem því nemur, aðkomu að bílskúr við lóð nr. 17 við Egilsgötu er breytt jafnframt því sem heimilaður er bílskúr við lóð nr. 15 við Egilsgötu, skipulag nýbygginga sunnan Skúlagötu og vestan Brákarbrautar breytist m.t.t. lóða, byggingarreita og götustæðis.

Þessu til viðbótar samþykkti bæjarstjórn Borgarbyggðar á fundi sínum 11. maí 2006 að gera lagfæringar á auglýstri tillögu hvað varðar fyrirkomulag götu og bílastæða við Brákarbraut.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. júní 2006.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2006